

## Við upphaf 4. bekkjar á nemandi að kunna skil á eftirfarandi:

### Reikniaðgerðir

- aðgerðarmerkin + - = og X
- hugtök summa/saml., mism./frádrátt og margfeldi
- að þekkja sléttar tölur og oddatölur
- kunni á skífu- og tölvuklukku
- að vinna með tímatal (daga – vikur – mánuði)
- að geyma tug og hundrað
- að taka til láns, tug og hundrað
- að setja upp dæmi
- að þekkja sætisgildi eining, tug og hundruð
- að námunda að tug og hundraði
- að margfalda 0-10 og margföldunartöfluna

### Hlutföll

- að þekkja hlutföllin helmingur, þriðjungur og fjórðungur
- að minnka og stækka flatarmyndir

### Mynstur og algebra

- kynnist einföldum eyðufyllingum ( $1 + \underline{\quad} = 2$ )
- kynnist notkun bókstafa fyrir tölur
- að vinna með talnamynstur

### Rúmfræði og mælingar

- að þekkja helstu mælieiningar og notkun ( $m - L - kg$ )
- að lesa úr súluritum og töflum
- að vinna með speglunarása
- að vinna með ummál, flatarmál, rúmmál, þyngd og hitastig
- að þekkja hnit og geti teiknað hluti inn í hnitakerfi
- að þekkja einfaldar tegundir horna og hyrninga

### Tölfræði og líkur

- að telja, flokka og skrá ýmsa hluti
- að búa til og lesa úr einföldum töflum og súluritum

## Við lok 4. bekkjar á nemandi að kunna skil á eftirfarandi:

### Reikniaðgerðir og reiknikunnátta

- aðgerðarmerki + - < > = og x
- hugtök summa/samlagning, mismunur/frádráttur, deiling, margföldun
- að þekkja sléttar tölur og oddatölur
- að geta lesið tímasetningar, bæði á hefðbundinni klukku og stafrænni
- að geyma tug og hundrað
- að taka til láns, tug og hundrað
- að setja upp dæmi
- að þekkja sætisgildi einingar, tugi, hundruð, þúsund
- að reikna á talnalínu (samlagning, frádráttur og margföldun)
- að námunda að tug, hundraði og þúsundi
- að margfalda tugi með einni tölu og geymt
- að kunna margföldunartöfluna
- að deila (deilikrökur)
- að vinna með brot (tugabrot og almenn brot)
- að vinna með peninga
- að vinna með vasareikni
- að reikna meðaltal
- að leysa orðadæmi
- kynnast neikvæðum tölum

### Hlutföll

- að skipta ákveðnum stærðum/hlutum í helming, þriðjung, fjórðung
- að finna 1%, 10% og 50% af stærð eða fjölda

### Mynstur og algebra


- einfaldar eyðufyllingar ( $2 + \underline{\quad} = 4$ )
- að nota bókstafi fyrir tölur

### Rúmfræði

- að lesa úr súluritum og töflum
- að vinna með spegilása
- að vinna með ummál, flatarmál, þyngd og mælingar
- að þekkja og vinna með hnitakerfi
- að vinna með mælieiningar ( $m - L - kg$ )
- að þekkja horn og hyrninga

### Tölfræði og líkur

- að telja, flokka og skrá ýmsa hluti
- að lesa úr töflum og súluritum
- að reikna meðaltal



**Myllubakkaskóli**

**Vinum saman**

**Verkferill í stærðfræði**

**4. bekkur**

## „Við gerum þetta saman“

Ágætu foreldrar

Í þessum einblöðungi finnið þið þau stærðfræðiatriði sem börnin ykkar eiga að læra á þessu skólaári. Hér er einnig að finna verkferil sem fylgt er í kringum hvert kaflapróf.

Með þessu viljum við auka möguleika foreldra á virkri þátttöku í námi barna sinna. Það hefur margsýnt sig að með þátttöku foreldra aukum við til mikilla muna líkurnar á góðum árangri.

### 1. Innlögn

Innlögn á efnisatriði/atridum. Haft er samband við forráðamenn þeirra nemenda sem gætu átt erfitt með að tileinka sér efnisþættina. (3 - 4 vikur)

### 2. Gátlisti fyrir könnun

Nemendur og foreldrar fá gátlista viku fyrir könnun (5 virkir dagar).

### 3. Upprifjun

Fyrir hvert kaflapróf skulu vera tveir upprifjunartímar, jafnvel fleiri. Kennari metur þörf.

### 4. Könnun

Viðmið um árangur er eftirfarandi:

**Yngsta stig 80%**

**Miðstig 75%**

**Unglingastig 70%(eða einstaklings-miðað).**

### 5. Eftirfylgni

Haft er samband við foreldra þeirra nemenda sem ná ekki viðmiðum (miðar heim / verkefnabók).

Nemendur fá viku í upprifjun heima fyrir (og e.t.v. í skóla) áður en kannað er hvort að þau hafi náð að tileinka sér það sem upp á vantar.

### 6. Gagnabanki

rasmus.is

vefir.nams.is/sproti

vefir.nams.is/krakkasidur

matematikonline.dk